

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hengifoss í Fljótsdal



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2015/154

Forsíðumynd: Tvær vörður á gljúfurbrúnum sitt hvoru megin Hengifoss – Ljósm. Guðný Zoëga



Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
UM SKRÁNINGU VEGNA SKIPULAGS	4
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	5
FORNLEIFASKRÁ	6
MINJAR Í LANDI HJARDARBÓLS:	6
MINJAR Í LANDI MELA:	10
MINJAR Í LANDI MELA, UTAN SKIPULAGSSVÆÐIS:	15
SAMANTEKT	17
HEIMILDIR	17

Inngangur

Að beiðni Fljótsdalshrepps gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu á deiliskipulagssvæði umhverfis Hengifoss í Fljótsdal.

Mikill fjöldi ferðamanna heimsækir svæðið árlega og er deiliskipulaginu ætlað að leggja grunn að uppbyggingu göngustíga og annarra mannvirkja sem eiga að auka þjónustu við ferðamenn, auk þess að afmarka umferð um svæðið og tryggja framtíðar verndun þess.

Samkvæmt skilgreiningu í greinargerð Mannvits¹ afmarkast skipulagssvæðið af Hengifossárgljúfri frá heiðarbrún niður fyrir þjóðveg 933 í Fljótsdal.² Hengifossárgljúfur eru friðlýstar náttúruminjar (nr. 671), í C-flokki Náttúruminjaskrár Umhverfisstofnunar. Þar segir: „Hengifossárgljúfur, Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss“.³

Vettvangsferð var farin 26 maí 2015. Útmörk deiliskipulags- og náttúruverndarsvæða, eins og þau voru sýnd á yfirlitsmynd frá verkfræðistofunni Mannviti, voru gengin og minjar skráðar. Einnig voru seltóftir skammt utan skipulagsmarka í Melalandi skráðar, en þær eru sýndar á yfirlitsskiltum við bílastæði. Alls voru 19 minjar skráðar á vettvangi. Guðný Zoëga fornleifafræðingur og Bryndís Zoëga sáu um vettvangsskráningu og skýrslugerð.

Við þökkum heimildamönnum okkar Eyjólfí Ingvasyni á Melum og Gunnari Þórarinssyni á Hjarðarbóli.

¹ Greinargerð Mannvits til kynningar á deiliskipulagi Hengifoss í Fljótsdalshreppi. Dags. 01.04.2015.

² Sjá meðfylgjandi kort af rannsóknarsvæðinu.

³ Heimasíða Umhverfisstofnunar (<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/austurland/>), skoðuð 15.06.2015.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknnum á þeim.“

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkja og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁴

Um skráningu vegna skipulags

16. gr.

Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirlönd um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónáði að þarflausu.⁵

⁴ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 28.05.15.

⁵ Sama.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkenni og hlaupandi númer, t.d. fær kolagröf í landi Hjarðabóls númerið 1 (Hjarðaból - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá minjar, þar sem staðsetning er þekkt, verkefninúmer sem úthlutað er af Minjastofnun Íslands sem hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er auðkennisnúmer fyrir Hjarðaból - 1, 1734-1.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfur er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble Geo 7X) sem gefur nákvæmni með 1-2 metra nákvæmni í skekkju. Grunnflötur og útlínur minjanna voru mældar upp eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færðar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskrá

Minjar í landi Hjarðarbóls:

Hjarðarból-1734-1

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Fyrirhugaður göngustígur liggur í námunda við kolagröfina og þarf að gæta þess að minjarnar verði ekki fyrir raski við framkvæmdir.

Staðhættir

Tæplega 80m austur af Hengifossá og rúmlega 320m norður af Þjóðvegi (933) er kolagröf.

Lýsing

Kolagröfin er um 2m að þvermáli og 40-60sm djúp. Útbrúnin er rofin á nokkrum stöðum og í rofinu eru brennd viðarkol en að öðru leyti er gröfin gróin grasi og mosa.



Mynd 1. Kolagröf nr. 1734-1, horft er til suðurs. Ljósm. B.Z.

Hjarðarból-1734-2

Hlutverk: Kolagröf

Hættumat: Fyrirhugaður göngustígur liggur í námunda við kolagröfina og þarf að gæta þess að minjarnar verði ekki fyrir raski við framkvæmdir.

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Tæplega 80m austur af Hengifossá og um 580m norður af Þjóðvegi (933) er kolagröf.

Lýsing

Kolagröfin er um 2,2m í þvermál og 50sm djúp. Hún er algróin og mjög greinileg í landslagi. Um 4m norðar er önnur gröf sem er um 50sm í þvermál og 30-40sm djúp.



Mynd 2. Kolagröf nr. 1734-2. Horft er til VNV. Ljósm. B.Z.

Hjarðarból-1734-3

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Á ógrónum mel, tæplega 40m austur af Hengifossá og um 800m norður af Þjóðvegi (933) er varða.

Lýsing

Varðan er rúmlega 1m á hæð. Hlaðin úr flögugrjóti en efst trónir stórt grjót. Aldur er óviss og því ekki víst að um fornminjar sé að ræða en samkvæmt lögum þurfa minjar að hafa náð 100 ára aldri (sjá: 3. gr. laga 80/2012). **Annað:** Í viðbótum Þórarins Bjarnasonar við örnefnaskrá Hjarðarbóls segir: „Annars eru hér í landinu 8-10 vörður, smáar og stórar, sem ég veit um. En þær munu flestar eða allar vera hlaðnar af gömlu yfirsetufjármönnum.“⁶



Mynd 4. Varða nr. 1734-4. Horft er til NNV. Ljósm. B.Z.



Mynd 3. Varða nr. 1734-3. Horft er til NNV. Ljósm. B.Z.

Hjarðarból-1734-4

Hlutverk: Kennimark

⁶ Örnefnaskrá Hjarðarbóls með viðbótum, bls. 3.

Tegund: Varða

Hættumat: Fyrirhugaður göngustígur liggur í námunda við vörðuna og þarf að gæta þess að minjarnar verði ekki fyrir raski við framkvæmdir.

Staðhættir

Á ógrónum mel, rúmlega 40m austur af Hengifossá og um 1200m norður af þjóðvegi (933) er varða.

Lýsing

Varðan er hlaðin upp á stóru grjóti og er um 60sm há en grjótið rúmlega 1m á hæð. Aldur vörðunnar er óviss og því ekki víst að um fornminjar sé að ræða en samkvæmt lögum þurfa minjar að hafa náð 100 ára aldri (sjá: 3. gr. laga 80/2012).



Mynd 5. Sjónarhraunsvarðan. Nr. 1734-5. Horft er til vesturs. Ljósm. B.Z.

Hjarðarból-1734-5

Sérheiti: Sjónarhraunsvarðan

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í viðbótum Þórarins Bjarnasonar við örnefnaskrá Hjarðarbóls segir: „Á Sjónarhrauninu stendur stór, vel hlaðin varða Sjónar[r]hraunsvarðan. Mér hefur verið sagt að hún sé hlaðin af landmælinga-mönnum.“⁷ Á ógrónum mel tæplega 300m austur af Hengifossá og um 1,3km norður af þjóðvegi (933) er varða.

Lýsing

Varðan er vel hlaðin og heilleg, um 2,2m á hæð og 1x1,2m að grunnmáli.

Hjarðarból-1734-6

Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Fyrirhugaður göngustígur liggur í námunda við kolagröfina og þarf að gæta þess að minjarnar verði ekki fyrir raski við framkvæmdir.

Staðhættir

Um 150m austur af Hengifossá og 1300m norður af þjóðvegi (933) er kolagröf.

Lýsing

Kolagröfin er um 2,2m í þvermál og 50sm djúp, algróin og vel greinileg.



F Mynd 6. Kolagröf nr. 1734-6. Horft er til suðurs. Ljósm. B.Z.

⁷ Örnefnaskrá Hjarðarbóls með viðbótum, bls. 3.

Hjarðarból-1734-7**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hættumat:** Engin hætt**Staðhættir**

Fremst á gljúfurbrúninni ofan
Fénaðarhlíðar sunnan Hengifoss, rétt
um 2km norður af Þjóðvegi (933).

Lýsing

Stæðileg varða, yfir metri á hæð og
vel hlaðin. Hnit voru tekin eftir loftmynd. Sjá ljósmynd á forsíðu.

Minjar í landi Mela:



Mynd 7. Horft til austurs yfir Sellæk (Brekкусelslæk) að Ytraseli. Aðal seltóftirnar sjást vinstra megin við miðja mynd. Ljós. G.Z.

Melar-1734-8

Sérheiti: Ytrasel


Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrá Mela segir: „Utan við Sellæk (Brekкусelslæk) neðan Selhlíðarbrúna heitir Ytrasel. Þar var haft í seli frá Skriðuklaustri því Melar voru klausturjörð. Seltætturarnar eru neðan við hlíðina út við gilið. Þá var mikill skógur í Melalandi, var eingöngu brennt skógi í selinu. Auk þess var flutt heim í



Mynd 8. Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu minja á Ytraseli.



Mynd 9. Horft til suðausturs yfir tóftirnar á Ytraseli. Óglögg tóft [9] nær á myndinni vinstra megin en aðal seltóftirnar [8] eru miðri mynd. Ljós. G.Z.

Skriðuklaustur skógur á 30 hestum á hverju hausti“.⁸ Alls voru mældar upp fjórar tóftir á selinu og lágu þær í grösugri kvos um 60m austan Sellækjar.

Lýsing

Aðal seltóftin var nokkuð stæðileg. Hún lá norðaustur-suðvestur og virtist tvískipt. Að utamáli var tóftin 17x7 metrar og veggghæð var allt að 80sm og veggjabreidd um metri. Veggir tóftarinnar voru hrundir og óx mikið gras í tóftinni þannig að ekki var hægt að greina steina í hleðslum. Tóftin stóð á dálítilli upphækkun sem bendir til endurbygginga. Dyr hafa verið á tóftinni sunnan til á suðaustur langhlið. Inngangurinn hefur vitað inn í minna rými en frekari veggjaskipan var hinsvegar óljós.

Melar-1734-9

Sérheiti: Ytrasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu

Lýsing

Um 6 metra vestur af aðaltóftinni [8] var smærri tóft. Tóftin var óglögg en virtist tvískipt með dyr sunnan til á suðaustur langvegg. Tóftin lá eins og aðal seltóftin, norðaustur-suðvestur, og var um 6m á lengd og um 4m að breidd. Veggghæð rétt um 20cm á hæð.

⁸ Örnefnaskrá Mela, bls. 4-5.



Mynd 10. Horft til austurs yfir tóftir kvía (1734-10) á Ytraseli. Ljós. G.Z.

Melar-1734-10

Sérheiti: Ytrasel

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Um 26m norðaustan aðaltóftarinnar [8] var tóft uppi í brekku sem snéri norður-suður og hefur að hluta verið grafinn inn í brekkuna. Dyr hafa vitað til suðurs. Tóftin var aflöng, að innanmáli um 9m frá norðri til suðurs en um 3m að breidd. Hún líkist mjög kvíum sem voru á seljum, notaðar við mjólkun áa eða kúa.

Melar-1734-11

Sérheiti: Ytrasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Kvíar

Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Um 16m suð-austan aðal seltóftanna var aflöng tóft, hlaðin upp við brekku. Tóftin lá vestur-austur og var að innanmáli um 10m á lengd og 2m að breidd. Vegghæð var mest um 40cm. Tóftin hefur verið opin til austurs og stærð hennar og gerð benda til að um sé að ræða kvíar. Þær voru ógleggri en kvíar nr. [10] og vera kann að hún hafi tilheyrt eldra byggingaskeiði á selinu, þótt ekki verði um það fullyrt.

Melar-1734-12

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Lýsing

Á berum melkolli suð-austan tóftanna á Ytraseli voru óverulegar leifar vörðu. Um var að ræða heldur óvandaða grjóthrúgu og er aldur hennar óviss. Hún fylgir þó hér með þar sem þarna kann að hafa staðið varða á seljatímanum.



Mynd 11. Vörðuhrúgald á melkolli suð-austan seltóftanna. Ljós. G.Z.

Melar-1734-13

Sérheiti: Gamlistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir


Í örnefnaskrá Mela segir: „Framar og neðar í móunum er lítil flöt, sem heitir Gamlistekkur. Þar var stíað fram á 18. öld. Er það slys vildi til, að fráfæringar hlutu fyrir kletta í Hengifossgili til dauðs, er verið var að hýsa þá. Neðan við Gamlastekki er Stekkabará. En Stekkurinn var fluttur upp fyrir Skál“.⁹ Um 80m sunnan Stekkalækjar og 17m vestan við göngustíginn vestan Hengifossgljúfurs voru óglöggar tóftarleifar. Tóftin lá á sléttri flöt að hluta grafinn inn í brekku.

Lýsing

Tóftin var um 8x4m að utanmáli og snéri suðsuð-vestur-norðnorðaustur. Dyr voru ekki greinanlegar



Mynd 12. Horf til vesturs yfir tóft 1732-13. Ljós m. G.Z.



Mynd 13. Yfirlitstekning af Hengifossárrétt.

á henni og veggir óverulegir, rétt um 30cm á hæð.

Melar-1734-14

Sérheiti: Hengifossárrétt/Melarétt

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Fyrirhugaður göngustígur liggur í námunda við réttina og þarf að gæta þess að minjarnar verði ekki fyrir raski við framkvæmdir.

Staðhættir

Í viðbótum við örnefnaskrá Mela segir: „Rétt ofan við brúna á Hengifossá eru rústir af gamalli lögrétt (skilarétt), sem var ýmist kölluð Melarétt eða Hengifossárrétt, lögð niður um síðustu aldamót“.¹⁰ Leifar réttarinnar liggja

⁹ Örnefnaskrá Mela, bls. 4.

¹⁰ Örnefnaskrá Mela, bls. 8.

undir bröttum bakka upp með Hengisfossá um 36m norður af bílastæðunum vestan brúarinnar yfir ána.

Lýsing

Réttin var grjóthlaðin og voru veggir nokkuð hrundir þó svo að þeir standi líka ágætlega á köflum. Vegghæð var mest um 1,6m. Syðsti hluti réttarinnar er grónari og hleðslur sjást á um 80m löngum kafla frá uppruddum L-laga bakka norðan bílastæðanna. Ferhyrnd rétt hefur verið hlaðin á sléttum bökkum vestan Hengifossár, um 14x9m að innanmáli. Grjóti hefur verið hlaðið upp við brekkurætur austan réttarinnar og einnig eftir austurbakka Hengifossár. Nyrsti hluti réttarinnar var hlaðinn upp við kletta sem mynda austur hlið hennar.



Mynd 14. Horft til suðausturs yfir Hengifossárrétt (1734-14). Ljós. B.Z.

Melar-1734-15

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fremst á gljúfurbrúnninni ofan Fénaðarhlíðar, um 1,9km norður af Þjóðvegi (933), sunnan Hengifoss er stæðileg varða.

Lýsing

Varðan er yfir metri á hæð og vel hlaðin. Hnit voru tekin eftir loftmynd. Sjá ljósmynd á forsiðu.

Minjar í landi Mela, utan skipulagssvæðis:



Mynd 15. Horft til austurs yfir seltóftirnar. Ljós. G.Z.

Melar-1734-16

Sérheiti: Fremra sel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan deiliskipulagssvæðis.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Mela segir: „Utan við hana [Selurðina] Stekkalækur, og þar utar eru Selbalar. Þar var haft í seli frá Melum fram á 18. öld og sér til tófta“.¹¹ Í mounum um 20m austan Stekkalækjar eru fjórar jarðsokknar tóftir.

Lýsing

Fyrsta tóftin virtist tví- eða þrískipt. Hún lá norðvestur-suðaustur og var að utanmáli 9m á lengd og um 7m að breidd. Veggir voru mjög jarðsokknir og óglöggir en dyr gætu hafa verið á tóftinni til suðurs. Veggjahæð mest um 40cm og þykkt um metri.

Annað: Selið er kallað Fremra sel á skilti við bílastæðið en hefur ekkert nafn í örnefnaskrá.

¹¹ Örnefnaskrá Mela, bls. 4.

Melar-1734-17

Hlutverk: Kvíar?

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.


Minjarnar eru utan deiliskipulagssvæðis.

Staðhættir

Um 5m vestan tóftar [16] var mjög jarðsokkin aflöng tóft.

Lýsing

Tóftin var um 9,5m að lengd og um 5m að breidd. Vera kann að þarna séu kvíarnar á selinu. Veggir tóftarinnar voru rétt um 20cm á hæð, veggjaþykkt óljós.



Melar-1734-18

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan deiliskipulagssvæðis.

Staðhættir

Þremur metrum vestan við aðal tóftina [16] var óglögg kofatóft.

Lýsing

Dyr virðast hafa verið til suðsuðausturs en tóftin sjálf var um 4x6m að utanmáli. Veggir voru jarðsokknir og tóftin vel gróin.

Melar-1734-19

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan deiliskipulagssvæðis.

Staðhættir

Tvískipt tóft lá syðst tóftanna fjögurra vestan Stekkalækjar.

Lýsing

Tóftin lá austur-vestur um 7m á lengd og 5,5m að breidd. Hún virtist tvískipt og hafa dyr verið til suðurs. Veggir voru jarðsokknir og grónir, veggjahæð var um 40cm og veggur rétt um hálfur metri á þykkt.

Samantekt

Alls voru 19 minjar skráðar við vettvangsathugun, sjö í landi Hjarðarbóls og tólf í landi Mela (sjá töflu hér að neðan). Innan deiliskipulagssvæðisins fundust 15 minjar en auk þeirra voru skráðar tóftir Fremra sels sem liggja skammt utan svæðis.

Vörður voru stærsti minjaflokkurinn, en fimm vörður voru skráðar á vettvangi. Grjóthrúgur sem virtist hafa verið hróflað upp nýlega voru þær ekki teknar með. Í landi Hjarðarbóls voru skráðar þrennar kolagrafir en búast má við að á skipulagssvæðinu kunni fleiri að leynast þar sem töluverður skógur var þarna fyrrum sem sést á því að Skriðuklaustur átti þar skógaritök.

Fornleifarnar sem liggja við Hengifossárgil bera vitni búsetuháttum og landnotkun fyrri tíðar og eru hluti umgjarðarinnar um svæðið. Góð varðveisla þeirra og tignarleg umgjörð gera þær sérlega vel fallnar til kynningar. Tóftir Ytrasels, sem liggja í grösugum hvammi mill Innri- og Ytri Sellækja, mynda fallega minjaheild sem upplagt væri að kynna sérstaklega. Samkvæmt örnefnaskrá Mela eiga skógnýtjar að hafa verið helsta starfsemin á selinu. Minjarnar líkjast hinsvegar því sem búast mætti við á seli þar sem stundaður hefur verið hefðbundinn seljabúskapur, með kvíum þar sem ær hafa verið mjólkaðar. Starfsemin á selinu kann því að hafa verið með ýmsum formerkjum í gegnum tíðina. Minjar á Fremra seli henta einnig vel til kynningar þar sem þær liggja skammt vestan skipulagssvæðisins. Þær eru þó nokkru ógleggri en leifar Ytrasels, enda eldri. Gamlistekkur er nálægt gönguleiðinni vestan árgilsins. Hann var aflagður þegar fé hrapaði þar til dauðs á stekkjartímanum. Sagan er áhugaverð þar sem að hún tengist bæði landnýtingu sem og þeirri hlættu sem sem fólst í nálægð við gilið.

Minjar þær sem skráðar voru innan deiliskipulagssvæðisins eru almennt ekki taldar í hættu en fyrirhugaður göngustígur austan ár liggur í nágrenni við minjar **1734- 1, 2, 4 og 6** og því ber að gæta þess að þær verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdanna. Sama má segja um göngustíg sem liggur frá bílastæði að Hengifossá, meðfram grjóthlaðinni rétt **1734-14**.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun fer með stjórnsýslu í minjavernd og er endanlegur umsagnaraðili um væntanlegar framkvæmdir og mótvægisáðgerðir til verndar minjum.

Heimildir

Deiliskipulag. Hengifoss. Fljótsdalshreppur. Deiliskipulag – greinargerð og umhverfisskýrsla. Gefið út af verkfræðistofunni Mannviti 01.04.2015.


Sveitir og jarðir í Múlapingi. II bindi. Búnaðarsamband Austurlands. 1975.

Örnefnaskrá Hjarðarbóls. Eiríkur Eiríksson skráði 1973. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hjarðarbóls með viðbótum. Eiríkur Eiríksson skráði 1973. Örnefastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Mela. Ari Gíslason skráði með viðbótum Eiríks Eiríkssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl



- Minjar
- Göngustígar
- Deiliskipulag - Mannvit



Hnitaskrá

Númer	Austun	Norðun	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Orsök	Veggh. Frá	Veggh. til	Breidd
1734-1	693717	514841		niðurgroftur	kolagröf		800	1700	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0.4	0.6	2.0
1734-2	693661	515088		niðurgroftur	kolagröf		800	1700	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0.0	0.4	1.5
1734-3	693591	515292		varða	kennimark		1800	2000	heilleg	engin hætta		0.0	1.1	0.0
1734-4	693500	515663		varða	kennimark		1800	2000	heilleg	hætta	framkvæmda	0.0	0.6	0.0
1734-5	693654	515793	varðan	varða	kennimark		1800	1900	heilleg	engin hætta		0.0	2.2	0.0
1734-6	693532	515803		niðurgroftur	kolagröf		800	1700	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0.0	0.5	0.0
1734-7	693337	516534		varða	kennimark		1700	1900	heilleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0
1734-8	693164	515942	Ytrasel	tóft	sel		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.2	0.8	1.0
1734-9	693151	515944	Ytrasel	tóft	sel		800	1900	greinanleg	engin hætta		0.1	0.2	0.0
1734-10	693197	515968	Ytrasel	tóft	kvíar		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.3	0.5	0.0
1734-11	693188	515936	Ytrasel	tóft	kvíar		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.1	0.2	0.5
1734-12	693229	515934		varða	kennimark		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0
1734-13	693452	514937	Gamlistekkur	tóft	stekkur		1500	1900	greinanleg	engin hætta		0.1	0.4	0.5
1734-14	693647	514611	elarétt	garðlag	rétt		1700	1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	0.3	1.5	0.7
1734-15	693160	516064		varða	kennimark		1700	1900	heilleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0
1734-16	693164	515422	Fremra sel	tóft	sel		800	1800	greinanleg	engin hætta		0.2	0.4	1.0
1734-17	693153	515422	Fremra sel	tóft	óþekkt	kvíar?	800	1800	greinanleg	engin hætta		0.0	0.2	0.0
1734-18	693156	515417	Fremra sel	tóft	sel		800	1800	vel greinanleg	engin hætta		0.2	0.3	0.6
1734-19	693167	515407	Fremra sel	tóft	sel		800	1800	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.4	0.5

Minjar sem eru í mestri hættu vegna framkvæmdanna eru merktar m